

EYD-212

Heiti: Hávaði	Númer: 9	Flokkun: A	Dagsetning: 23.11.2007
---------------	----------	------------	------------------------

Lýsing á umhverfisþætti:

Við rannsóknir, framkvæmdir og rekstur virkjana Landsvirkjunar eru notuð ýmis tæki og vinnuvélar sem valda hækkun hljóðstigs. Hávaðinn getur verið af ýmsum toga t.d. vegna stöðugs hávaða frá mælitækjum, umferðar þungavinnuvéla, vörubíla eða vegna borunar og sprenginga.

Við undirbúning virkjana getur orðið tímabundin hækkun hljóðstigs vegna rannsókna og framkvæmda. Einnig verður tímabundin hækkun á hljóðstigi vegna borunar vinnsluhola á rekstrartíma jarðgufuvirkjana. Almenn tekur borun jarðhitaholu rúman mánuð en prófanir geta staðið yfir í nokkra mánuði.

Á rekstrartíma er hljóðstig stöðugt meðan rekstur er í jafnvægi. Hljóðstig getur verið hærra í nágrenni:

- kæliturna, stjórnloka, vélasala og gasútblástursröra við jarðgufuvirkjanir.
- vélasala við vatnsaflsvirkjanir.

Umhverfisáhrif:

Virkjanasvæði eru skilgreind sem iðnaðarsvæði. Viðmiðunarmörk fyrir hljóðstig á iðnaðarsvæði er skv. gildandi reglugerð 70 dB. Í nágrenni orkuvinnslusvæða er oft stunduð útivist og er miðað við að hljóðstig á vinsælum ferðamannastöðum og útivistarsvæðum í dreifbýli sé undir 50 dB.

Skammtímaáhrif: Neikvæð áhrif á upplifun kyrrðar í náttúru og á dýralíf. Einnig áhrif á íbúa ef framkvæmdir eru nálægt þéttbýli.

Langtímaáhrif: Stöðugt áreiti hávaða hefur heilsuspillandi áhrif á menn og dýralíf.

Umhverfisáætla:

Á svæðum þar sem dýralíf er viðkvæmt eins og t.d. á varpsvæðum fugla getur hávaði á rannsóknar og framkvæmdatíma leitt til þess að varp misfarist.

Hávaði vegna gufuútblásturs: Hljóðstig á orkuvinnslusvæðum getur breyst skyndilega ef útleysing verður á vélum og einnig þegar hola er sett í blástur.

Fyrirbyggjandi stýring:

Hávaði vegna gufuútblásturs: Til að draga úr hávaða frá borholum í blæstri eru notaðir hljóðdeyfar. Stöðugt er leitað leiða til að byggja hljóðdeyfa sem draga úr hávaða frá borholum í blæsti og þannig draga úr neikvæðum áhrifum vegna hávaða og uppfylla viðmið laga og reglugerða um hávaða eins og kostur er. Leitast er við að láta holur blása utan aðal ferðamannatíma. Hljóðdeyfar eru notaðir á gasútblástursrör.

Hávaði frá vélum, tækjum og önnur uppspretta hávaða: Gerðar eru kröfur um að tækjabúnaður uppfylli kröfur í reglum Vinnueftirlitsins um hávaða. Dregið er úr hávaða frá vélum og dælum sem notuð eru til raforkuframléiðslu með því að hafa þær innbyggðar.



Hafa heyrnarvarnir tiltækar og upplýsa starfsmenn og almenning.

Vöktun:

Hávaði vegna gufuútblasturs: Hávaði frá borhlum er mældur reglulega á skilgreindum stöðum á vinnslusvæði jarðgufuvirkjana. Þá er hávaði mældur við sérstakar aðstæður þ.m.t. vegna kvartana.

Ástæða flokkunar:

Hávaði flokkast sem A umhverfispáttur, þar sem skýr ákvæði eru um hljóðvist í lögum og reglum. Einnig eru tilmæli frá Umhverfisstofnun um að draga úr hávaða á mesta ferðamannatímanum.